



Reykjavík, 5. janúar 2022
R20120043

Efni: Umsögn fjölmeningarráðs um atvinnu- og nýsköpunarstefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030

Fjölmeningarráð Reykjavíkurborgar fagnar því að borgin setji sér metnaðarfulla og víðtæka stefnu í þessum málaflokki en bendir jafnframt á eftirfarandi:

Almennar ábendingar:

- Myndefni stefnunnar mætti sýna fjölbreyttari starfshóp.
- Að fram komi að fjölbreytileiki sé undirstaða jákvæðrar þróunar í nútímaborgarsamfélagi og atvinnulífi. Þau sem standa utan tengslanets í íslensku samfélagi hafa oft frumkvæði að eigin rekstri og nýsköpun og þarf að styðja við það. Rannsóknir¹ sýna að innflytjendur af annari kynslóð hagnast fjárhagslega meira á rekstri fjölskyldufyrirtækja, en að ganga menntaveginna.
- Mikil áhersla er lögð í stefnunni á að laða að hæfileikaríkt fólk erlendis frá en ekki á sama hátt lögð áhersla á að nýta mannauð sem felst í Reykvíkingum af erlendum uppruna. Mikilvægt er að viðurkenna fyrri menntun og reynslu þeirra og bjóða fram viðeigandi endurmenntun. Varhugaverð er sú þróun að innflytjendur í auknum mæli tilheyra annað hvort svokölluðum utangarðs samfélögum (e. expat) hins vegar og lágláunahópum annars vegar, eins og þekkjast til dæmis í löndum eins og Dúbai.
- Mikilvægt að styðja við nýsköpun meðal jaðarhópa.
- Mikilvægt er að huga að málefnum tengd mannsali og keðjurábyrgð borgarinnar gagnvart launajafnrétti og mannréttindum fólks.

Ábendingar vegna einstakra greina:

6.2 Yfirskriftin dregur fram neikvæða mynd sem erfitt er að samsama sig við. Leggja áherslu á inngildingu í anda fjölmeningaryfirlýsingu Reykjavíkurborgar, frekar en fordóma. – Við öll njótum góðs á því að sem flest geti lagt sitt af mörkum og verið fullgildir þátttakendur á öllum sviðum samfélagsins, þar á meðal í atvinnulífinu.

6.3 Bæta hér við: taka þátt í atvinnulífinu og nýsköpun.

Eins og fram kemur hér á undan geta innflytjendur verið stórtækir á sviði nýsköpunar. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að innflytjendur eru ekki hræddir við að takast á við áskoranir, enda er varla hægt að hugsa sér stærri áhættu í lífinu en að flytja í nýtt land.

¹ <https://citeseerx.ist.psu.edu/viewdoc/download?doi=10.1.1.194.6648&rep=rep1&type=pdf>